

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkur

KYNJASKIPTING 2006-2009

*Úttekt á kynjaskiptingu í ráðum og stjórnnum
Reykjavíkurborgar 2006-2009*

**Niðurstöður úttektar á kynjaskiptingu í eftirfarandi
ráðum og stjórnnum:**

- **Borgarstjórnar og borgarráðs**
- **Framkvæmda- og eignaráðs, íþróttá- og
tómstundaráðs, leikskólaráðs, menningar- og
ferðamálaráðs, menntaráðs, skipulagsráðs,
umhverfissráðs, velferðarráðs og mannréttindaráðs**
- **Hafnarstjórnar Faxaflóahafna sf. og stjórnar
Orkuveitu Reykjavíkur**

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Niðurstöður úttektar	5
Fylgiskjal nr. 1; Borgarráð og fagráð Reykjavíkur	8
Fylgiskjal nr. 2; Heildar kynjaskipting borgarráðs og fagraða	18
Fylgiskjal nr. 3; Kynjaskipting hafnarstjórnar Faxaflóahafna sf.	20
Fylgiskjal nr. 4; Kynjaskipting stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur	22

Inngangur

Í úttekt þessari verður farið yfir skipan kynja í Borgarstjórn Reykjavíkur, borgarráði Reykjavíkur, þeim níu pólitísku fagráðum sem starfa í Reykjavík, auk hafnarstjórnar Faxaflóahafna sf. og stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Tímabilið sem skoðað var er frá kosningum 2006 til byrjun árs 2009.

Í mannréttindastefnu Reykjavíkur sem samþykkt var í borgarstjórn 16. maí 2006 segir m.a. að Reykjavíkurborg vinni að jafnrétti kvenna og karla á vinnustöðum og sjái til þess að innan þeirra endurspeglis það margbreytilega samfélag sem borgin er. Þá er einnig lögð áhersla á að við skipan í nefndir, stjórnir og ráð skuli haft að markmiði að hlutföll kynjanna séu sem jöfnust. Jafnræði kynjanna skuli einnig haft að leiðarljósi þegar valdir eru fulltrúar í vinnuhópa til undirbúnings stefnumótun og meiriháttar ákvörðunum.

Í borgarkerfinu er starfandi fjöldi nefnda. Meðal þeirra eru barnaverndarnefnd Reykjavíkur, forvarnarnefnd, framtalsnefnd og heilbrigðisnefnd. Þar að auki eru fáeinir samstarfsnefndir með öðrum sveitarfélögum. Til þeirra teljast t.d. almannavarnarnefnd og Bláfjallafólkvangur.

Hverfisráð Reykjavíkur eru; hverfisráð Vesturbæjar, Miðborgar, Hlíða, Laugardals, Háaleitis, Breiðholts, Árbæjar, Grafarvogs, Kjalarness og hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals. Nokkrar breytingar hafa orðið á formi hverfisráða á síðustu misserum. Ber þá helst að nefna fjölgun fulltrúa.

Einnig eru starfandi ýmsar nefndir, starfsnefndir og vinnuhópar sem borgaryfirvöld tilnefna í eða eru skipaðaðar/-aðir.

Þau pólitísku fagráð sem voru skoðuð út frá kynjaskiptingu eru framkvæmda- og eignaráð, íþróttá- og tómstundaráð, leikskólaráð, menntaráð, velferðarráð, mannréttindaráð, umhverfisráð, menningar- og ferðamálaráð og skipulagsráð.


Fyrst verður farið yfir kynjaskiptingu borgarstjórnar og borgarráðs og síðan yfir heildar kynjaskiptingu eftir þeim fjórum meirihlutum sem hafa starfað í Reykjavík frá 26. júní 2006 til byrjun árs 2009. Þá verður farið yfir skiptingu kynjanna í pólitísku fagráðunum sem og hafnarstjórn og stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Gröf og skífurit með nánari niðurstöðum eru í fylgiskjölum.

Niðurstöður úttektar


Í Borgarstjórn Reykjavíkur frá kosningum 2006 er kynjaskipting nokkuð jöfn. Þó hafa orðið breytingar vegna brotthvarfs kjörinna fulltrúa. Í fyrsta meirihlutunum voru 9 karlar á móti 6 konum en jafnara var í hinum meirihlutunum þegar 8 karlar voru á móti 7 konum.

Innan einstakra ráða er marktækur kynjahalli. Kynjahalli er t.d. í borgarráði þar sem karlar hafa verið 5 á móti 2 konum í þremur af þeim fjórum meirihlutum sem hér eru til skoðunar. Dæmið snýst hins vegar við þegar varamenn borgarráðs eru skoðaðir.


Kynjahlutfall er frekar jafnt í Reykjavík þegar borgarráð og fagráðin eru skoðuð saman. Í heildina litið er ekki greinanlegur kynjahalli.



Í fyrstu þremur meirihlutum var hlutfall karla í pólitískum fagráðum Reykjavíkur og borgarráði 51% á móti 49% hlutfalli kvænnna sem aðalmenn. Það verður að teljast jöfn skipting.




Í fjórða og núverandi meirihluta er skipting aðalmanna 53% kvænnna á móti 47% karla. Það telst ekki marktækur kynjahalli.




Kynjaskipting varamanna þessara ráða var ekki óeðlileg en þó voru konur töluvert fleiri í þriðja meirihluta, eða 61% á móti 39% karla.

Fleiri karlar en konur sitja í framkvæmda- og eignaráði. Þar hafa karlar verið í meirihluta sem aðalmenn en þó hefur kynjaskiptingin verið að jafnast í síðustu tveimur meirihlutum. Einnig eru karlar töluvert fleiri í íþróttá- og tómstundaráði.




Ef aðalmenn leikskólaráðs eru hinsvegar skoðaðir kemur í ljós að konur hafa verið í meirihluta þar og eru ennþá mjög ríkjandi innan þess ráðs. Konur eiga einnig fleiri sæti í menntaráði og velferðarráði.




Í mannréttindaráði hefur körlum fjölgað jafnt það sem af er kjörtímabilinu og er kynjaskipting frekar jöfn hjá aðalmönnum. Mun fleiri konur eru hins vegar varamenn.

Einnig var skoðuð kynjaskipting í hafnarstjórn Faxaflóahafna sf. og stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.



Hafnarstjórn Faxaflóahafna sf. var einvörðungu skipuð körlum í fyrsta meirihluta.

Kynjaskiptingin varð síðan 40% konur og 60% karlar í næsta meirihluta.





Í þriðja meirihlutanum voru konur komnar í meirihluta og voru þá 60% á móti 40% hlutfalli karla. Í dag eru karlar síðan aftur orðnir ráðandi eða 80% á móti 20% hlutfalli kvenna.

Aðalmenn í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur voru allir karlar í fyrsta meirihlutanum sem hér er skoðaður. Í öðrum meirihluta var skiptingin 20% hlutfall kvenna á móti 80% hlutfalli karla. Í þriðja meirihluta er hlutfall kvenna 60% en karla 40%. Í núverandi meirihluta hefur það snúist við og er hlutfall kvenna nú 40% en karla 60%.



Fylgiskjal nr. 1

Kynjaskipting borgarráðs og fagraða Reykjavíkur eftir meirihlutum frá miðju ári 2006 til byrjunar árs 2009.



Borgarráð





Framkvæmda- og eignaráð





Íþróttta- og tómstundaráð





Leikskólaráð





Menningar- og ferðamálaráð





Menntaráð





Skipulagsráð





Umhverfisráð



Velferðarráð



Mannréttindaráð





Fylgiskjal 2

Heildar kynjaskipting borgarráðs og fagráða eftir meirihlutum.

Fyrsti meirihluti

Aðalmenn



Varamenn



Annar meirihluti

Aðalmenn



Varamenn



Þriðji meirihluti

Aðalmenn



Varamenn



Fjórfé meirihluti

Aðalmenn

Varamenn




Fylgiskjal 3


Kynjahlutfall hafnarstjórnar Faxaflóahafna sf. eftir meirihlutum.

Fyrsti meirihluti

Aðalmenn




Varamenn




Annar meirihluti

Aðalmenn




Varamenn




Þriðji meirihluti

Aðalmenn




Varamenn




Fjórfundi meirihluti

Aðalmenn



Varamenn




Fylgiskjal 4


Kynjaskipting stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur

Fyrsti meirihluti

Aðalmenn




Varamenn




Annar meirihluti

Aðalmenn




Varamenn




Þriðji meirihluti

Aðalmenn




Varamenn



Fjórfundi meirihluti

Aðalmenn



Varamenn

